

4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 5 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Lagt fyrir Alþingi 1937, 52. löggjafarþing.)

1. gr.

Í stað „30. sept.“ í 3. málsg. 1. gr. laga nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda komi: 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem lánveitingum úr Skuldaskilasjóði vélbátaeigenda verði ekki lokið 30. september þ. á., sé óhjákvæmilegt að lengja þegar hinn lögákveðna lánveitingartíma til ársloka 1937. Teljum Vér því brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því hjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Í stað „30. sept.“ í 3. málsg. 1. gr. laga nr. 5, 14. apríl 1937, um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda komi: 31. desember.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 30. september 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.